

# Fermingardagar ákveðnir

Fermingardagar næsta árs í Siglufjarðarprestakalli hafa verið ákveðnir. Þeir verða tveir, annars vegar skírdagur, 9. apríl kl. 11.00, og hins vegar hvítasunnudagur, 31. maí kl. 11.00. Fermingarbörn verða tólf.

Meðfylgjandi ljósmynd var tekin um borð í Nielsi Jónssyni EA 106 í lok maí, þegar árgangurinn, Ólafsfirðingar og Siglfirðingar, hélt í vorferð sína ásamt kennara og öðru fylgdarliði og skoðaði hvali og fiska út af Hauganesi við Eyjafjörð.

Mynd og texti: Sigurður Ægisson | [sae@sae.is](mailto:sae@sae.is).